

Miðvikudaginn 20. desember 1967.

Nr. 94/1966. **Gunnar Ásgeirsson**

(Þorvaldur Þórarinnsson hrl.)

gegn

Áka Jakobssyni (sjálfur)

Alfreð Gíslasyni f.h. Landshafnar

Keflavíkur og Njarðvíkurhrepps

Birni Sveinbjörnssyni og

Sjávarútvegsráðherra og

Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs

(Benedikt Blöndal hrl.).

Dómenður:

hæstaréttardómararnir Gizur Bergsteinsson, Einar Arnalds, Jónatan Hallvarðsson og Logi Einarsson og prófessor Theodór B. Líndal.

Samningar. Lóðarleiga. Dómhæfi kröfu. Ömerking.
Frávisun.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur, að fengnu áfrýjunarleyfi 10. maí 1966, skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 6. júní s. á. Gerir hann þessar dómkröfur fyrir Hæstarétti:

„1. Á hendur Áka Jakobssyni, að hann verði dæmdur til að afsala áfrýjanda eignarrétti að hálfu á móti sér að lóðunum nr. 32, 34 og 36 við Brekkustíg í Ytri-Njarðvíkum svo og eignarrétti að hálfum þeim mannvirkjum, sem á lóðunum hafa verið reist, enda greiði áfrýjandi þann hluta mannvirkjanna eftir mati.

2. Á hendur stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og Áka Jakobssyni saman, að ógildur verði lóðarsamningur, sem gerður var milli þessara stefndu og dagsettur er í Reykjavík hinn 4. desember 1962, og jafnframt, að dæmd verði í fullu gildi ákvörðun stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, gerð hinn 28. nóv. 1961, um að gefa Áka Jakobssyni og áfrýjanda kost á lóð til atvinnurekstrar í Ytri-Njarðvíkum, að lóðarsamningur, sem gerður var með tilvísun til þeirrar ákvörðunar í júní

1962 og undirritaður af hafnarstjóra og áfrýjanda, verði metinn gildur, hvað áfrýjanda snertir.

3. Á hendur Birni Sveinbjörnssyni, fyrrum sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að hann verði dæmdur til að afmá úr veðmálabókum Gullbringu- og Kjósarsýslu samning, dagsettan 4. desember 1962, milli stefndrar stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps annars vegar og stefnda Áka Jakobssonar hins vegar, en skjalið er í veðmálabókum embættisins merkt Litra X4 nr. 525, svo og að hann verði dæmdur til að færa að nýju inn í veðmálabækur embættisins lóðarsamning á milli stefndu stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og áfrýjanda, dags. 21. júní 1962.

4. Á hendur sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. rikissjóðs vegna stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu ásamt Áka Jakobssyni *in solidum* til greiðslu skaðabóta, að fjárhæð kr. 1.500.000.00, vegna afnotamissis framangreindra lóða og mannvirkja, láns-traustsspjalla, óhagræðis og miska.

Til vara, að allir stefndu verði *in solidum* dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.00, ef aðalkröfur áfrýjanda verða ekki teknar til greina, eða aðra lægri fjárhæð eftir mati Hæstaréttar.

Loks er krafizt málskostnaðar fyrir Hæstarétti eftir mati Hæstaréttar“.

Stefndu krefjast þess, að héraðsdómurinn verði staðfestur og að þeim verði dæmdur málskostnaður fyrir Hæstarétti úr hendi áfrýjanda.

Málsatvikum er skilmerkilega lýst í hinum áfrýjaða dómi.

Af gögnum málsins er ljóst, að vorið eða sumarið 1961 gerðu þeir áfrýjandi og stefndi Áki Jakobsson með sér munnlegt samkomulag um að reka í sameiningu fiskverkunarstöð í Ytri-Njarðvík, en að öðru leyti er með öllu óupplýst, á hvern veg samningur þessi var. Í þessum tilgangi sóttu þeir sameiginlega hinn 14. september 1961 um lóðarréttindi til stjórnar Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur til bygg-

ingar nauðsynlegra húsa, og með bréfi 29. nóvember 1961 var þeim tilkynnt, að hafnarstjórn hefði daginn áður samþykkt lóðarbeiðni þeirra. Síðar var staðsetningu lóðarinnar breytt að ósk þeirra, eins og í héraðsdómi getur, og stærð hennar ákveðin.

Hið munnlega samkomulag þeirra áfrýjanda og stefnda Áka Jakobssonar fór út um þúfur, og er með öllu ósannað, hvor þeirra átti sök á því, að samningur þessi var ekki haldinn.

Hinn 14. maí 1962 ritaði svo áfrýjandi stjórn Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur bréf, þar sem hann skýrir frá ósamkomulagi þeirra og segir, að „engir möguleikar“ séu „til þess, að um nokkurt samstarf geti orðið hjá okkur um byggingu á lóð þessari eða rekstur fyrirtækis þar. Það er því ekki að ófyrirsynju, að ég bið yður, að taka þessa lóðarúthlutun til athugunar að nýju og tilkynna byggingarnefnd Njarðvíkur, að þess vegna megi hún ekki mæla út lóðina.

Hins vegar tek ég það skýrt fram, að ég er á engan hátt að afsala mér úthlutuninni í hendur Áka Jakobssyni, heldur hef ég ekki viljað dylja yður þess, að samstarf okkar er útilokað vegna ástæðna, sem hann á einn sök á.

Ég tel því, að þið getið tekið úthlutunina til athugunar að nýju vegna breyttra ástæðna, og óska ég þess þá eindregið, að mér verði úthlutað lóðinni áfram ásamt syni mínum Einari Guðjóni, Smáratúni 32, Keflavík, og vil ég alveg sérstaklega taka það fram, að ekki mun síður verða af framkvæmdum, þótt Áki hverfi úr fyrirtækinu, sem hann sjálfur eyðileggur fyrirfram.

Verði hins vegar ekki orðið við þessari beiðni minni gegn vonum mínum, held ég til vara við sameiginleg réttindi mín að lóðinni ásamt Áka Jakobssyni“.

Eins og að framan getur og nánar er rakið í héraðsdómi, var þeim áfrýjanda og stefnda Áka Jakobssyni sameiginlega úthlutað lóðinni, og var forsenda fyrir lóðarúthlutun þessari sú, að þeir reistu í félagi á henni byggingar fyrir væntanlegan rekstur þeirra við fiskverkun, en forsenda þessi brast, er upp úr hinu munnlega samkomulagi þeirra slitnaði,

og gat því stjórn Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur þá að eigin vild ráðstafað lóðinni af nýju. Ber því þegar af greindum ástæðum að sýkna stefnda Áka Jakobsson af kröfum samkvæmt 1. lið í kröfugerð áfrýjanda svo og að sýkna hann og stefndu Alfreð Gíslason f. h. Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur, sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra fyrir hönd rikissjóðs vegna stjórnar Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkurhrepps og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu af kröfum áfrýjanda samkvæmt 2. og 4. lið í kröfugerð hans svo og af varakröfu hans, en síðari kröfu áfrýjanda í 1. lið kröfugerðar hans um, að stefnda Áka Jakobssyni verði gert að afsala honum eignarrétti að hálfum þeim mannvirkjum, sem á lóðunum hafa verið reist, gegn greiðslu þess hluta mannvirkjanna „eftir mati“, þykir bera að skýra á þann veg, að dómur viðurkenni rétt áfrýjanda til þessa hluta mannvirkjanna, sbr. 4. mgr. 193. gr. laga nr. 85/1936.

Hinn 3. desember 1962 fór stefndi Áki Jakobsson þess skriflega á leit við stjórn Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur, að honum einum yrði úthlutað lóðunum nr. 32, 34 og 36 við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík og gerður yrði leigusamningur um lóðir þessar. Samningur þessi var síðan gerður við hann daginn eftir, 4. desember 1962, og honum þinglýst 6. sama mánaðar, eins og nánar er rakið í héraðsdómi. Settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu var þá stefndi Björn Sveinbjörnsson. Hann lét af því starfi 1. marz 1966, er hann gerðist hæstaréttarlögmaður, en við embættinu tók Einar Ingimundarson, og hefur hann gegnt því síðan.

Kröfur þær, sem áfrýjandi gerir í 3. kröfulið á hendur stefnda Birni Sveinbjörnssyni, fyrrum settum sýslumanni, mátti bera undir héraðsdóm og síðan Hæstarétt að tilstefndum a. m. k. Áka Jakobssyni og Alfreð Gíslasyni f. h. Landshafnar Keflavíkur og Njarðvíkur. Hins vegar varð kröfunni ekki beint gegn þinglýsingardómaranum. Varakrafa áfrýjanda um skaðabætur á hendur stefnda Birni Sveinbjörnssyni fyrir þinglýsingarstarf hans varð borin undir Hæstarétt í sambandi við þinglýsinguna samkvæmt 38. gr. laga

nr. 57/1962 og innan þeirra fresta, er þar getur, en eigi undir héraðsdóm í einkamáli, sbr. 34. gr. laga nr. 58/1936. Samkvæmt því sem nú var rakið eru kröfur áfrýjanda á hendur stefnda Birni Sveinbjörnssyni eigi dómhæfar. Ber því að ómerkja héraðsdóminn, að því er þær varðar, og vísa þeim frá dómstólum.

Rétt er, að áfrýjandi greiði Birni Sveinbjörnssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómsorð:

Ákvæði héraðsdóms, að því er varðar kröfur á hendur stefnda Birni Sveinbjörnssyni, er ómerkt, og er þeim vísað frá dómstólum. Að öðru leyti á héraðsdómurinn að vera óraskaður.

Áfrýjandi, Gunnar Ásgeirsson, greiði stefnda Birni Sveinbjörnssyni málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 15.000.00. Að öðru leyti fellur málskostnaður fyrir Hæstarétti niður.

Dómi þessum ber að fullnægja að viðlagðri aðför að lögum.

Dómur bæjarþings Reykjavíkur 30. nóvember 1965.

Mál þetta, sem tekið var til dóms 10. nóvember s.l., hefur Gunnar Ásgeirsson, Smáratúni 32, Keflavík, höfðað fyrir bæjarþinginu með stefnu, birtri 4., 6. og 8. janúar 1964, gegn Áka Jakobssyni hæstaréttarlögmanni, Skeiðarvogi 7, Reykjavík, Alfreð Gíslasyni bæjarfógeta, Mánagötu 5, Keflavík, f. h. stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, Birni Sveinbjörnssyni, settum sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu, Hafnarfirði, Emil Jónssyni sjávarútvegsmálaráðherra og Gunnari Thoroddsen fjármálaráðherra, báðum hinum síðasttöldu f. h. ríkissjóðs.

Kveðst stefnandi gera þessar aðalkröfur:

1. Á hendur stefnda Áka Jakobssyni, að hann verði dæmdur til að afsala stefnanda eignarrétti að hálfu á móti sér að lóðunum nr. 32, 34 og 36 við Brekkustíg í Ytri-Njarðvíkum svo og eignar-

rétti að hálfum þeim mannvirkjum, sem á lóðunum hafa verið reist, enda greiði stefnandi þann hluta mannvirkjanna eftir mati.

2. Á hendur stefnda stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og stefnda Áka Jakobssyni, að ógiltur verði lóðarsamningur, sem gerður var milli þessara stefndu og dagsettur er í Reykjavík hinn 4. desember 1962, og jafnframt, að dæmd verði í fullu gildi ákvörðun stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, gerð hinn 28. nóv. 1961, um að gefa Áka Jakobssyni og stefnanda kost á lóð til atvinnurekstrar í Ytri-Njarðvíkum og að lóðarsamningur, sem gerður var með tilvísun til þeirrar ákvörðunar í júní 1962 og undirritaður af hafnarstjóra og stefnanda, verði metinn gildur, hvað stefnanda snertir.

3. Á hendur Birni Sveinbjörnssyni, settum sýslumanni í Gullbringu- og Kjósarsýslu, að hann verði dæmdur til að afmá úr veðmálabókum Gullbringu- og Kjósarsýslu samning, dagsettan 4. desember 1962, milli stefnda stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps annars vegar og stefnda Áka Jakobssonar hins vegar, en skjalið er í veðmálabókum embættisins merkt Litra X4 nr. 525, svo og að hann verði dæmdur til að færa að nýju inn í veðmálabækur embættisins lóðarsamning á milli stefnda stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og stefnanda, dags. 21. júní 1962.

4. Á hendur sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs vegna stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu ásamt Áka Jakobssyni in solidum til greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 1.500.000.00 vegna afnotamissis framangreindra lóða og mannvirkja, lántraustsspjalla, óhagræðis og miska.

Til vara kveðst stefnandi krefjast þess, að allir stefndu verði in solidum dæmdir til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.00, ef aðalkröfur hans verða ekki teknar til greina.

Stefndi Áki Jakobsson hefur krafizt sýknu af öllum dómkröfum stefnanda og að umboðsmönnum stefnanda verði gert að greiða honum in solidum málskostnað samkvæmt mati dómsins.

Af hálfu stefndu Landshafnar í Keflavík og Njarðvíkum, Björns Sveinbjörnssonar, sýslumanns í Gullbringu- og Kjósarsýslu, og Emils Jónssonar sjávarútvegsmálaráðherra og Gunnars Thoroddsens fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs eru gerðar þær dómkröfur *aðallega*, að þeir verði algerlega sýknaðir af öllum kröfum stefnanda og dæmdur málskostnaður úr hans hendi að

mati dómarans. *Til vara* er krafizt lækkunar á fjárkröfum stefnanda.

Samkvæmt gögnum málsins eru atvik þau, að hinn 14. september 1961 sóttu þeir stefnandinn, Gunnar Ásgeirsson, og stefndi Áki Jakobsson um lóð til leigu hjá stefnda Landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum. Hinn 29. nóvember 1961 tilkynnti Landshöfn í Keflavík og Njarðvíkum þeim Gunnari Ásgeirssyni og Áka Jakobssyni, að samþykkt hefði verið að taka beiðni þeirra um lóðarleigu til greina, en nánari ákvörðun um staðsetningu lóðarinnar yrði tekin í samráði við hafnarstjóra. Þá er í bréfinu tekið fram, að þær reglur gildi um úthlutun lóða í landi hafnarinnar, að lóðarleigusamningur verði ekki gerður, fyrr en húsið sé fókelt, og lóðinni verði úthlutað öðrum, ef framkvæmdir verði ekki hafnar á henni innan eins árs frá samþykkt hafnarstjórnar á umsókninni. Fóru síðan fram umræður á milli hafnarstjórans, Ragnars Björnssonar, og Gunnars Ásgeirssonar og Áka Jakobssonar um staðsetningu lóðarinnar. Virðist ekki hafa verið fullt samkomulag um staðsetningu lóðarinnar og stærð.

Hinn 31. janúar 1962 rituðu þeir Gunnar og Áki Landshöfninni bréf, þar sem þeir fara þess á leit, að þeir fái lóð á öðrum stað en fyrst var ákveðið. Þá benda þeir á, að þeir eigi grunn á lóð, sem hafði verið úthlutað þarna, en aldri gengið frá lóðarleigusamningi, og geti afsalað þeim réttindum og grunninum til Landshafnarinnar, ef óskað yrði. Hin 29. marz varð fallizt á, að staðsetning lóðanna yrði eins og Gunnar og Áki höfðu óskað. Það skilyrði var sett, að þeir Gunnar og Áki afsöluðu til Landshafnarinnar rétti þeirra til grunns á lóð þeirri, er áður getur. Undirritaði Áki yfirlýsingu þess efnis hinn 20. maí 1962.

Hinn 14. maí 1962 ritaði Gunnar Ásgeirsson Landshöfninni bréf, þar sem hann tilkynnir, að slitnað hafi upp úr samstarfi þeirra Áka Jakobssonar, og fer þess á leit, að lóðinni verði úthlutað honum ásamt syni hans, Einari Guðjóni Gunnarssyni. Bréfi þessu svaraði Landshöfnin með bréfi, dags. 18. maí 1962, þar sem tekið er fram, að lóðinni sé úthlutað til þeirra beggja, en ekki til hvors um sig. Þá er tekið fram, að ekki komi enn til álita að gera lóðaleigusamninga, þar sem skilyrði um byggingu sé ekki fullnægt. Bréf þetta var sent bæði Gunnari Ásgeirssyni og Áka Jakobssyni. Hinn 21. júní 1962 komu þeir stefnandinn, Gunnar Ásgeirsson, og Haukur Jónsson hæstaréttarlögmaður til hafnarstjórans fyrir Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarð-

víkurhrepps, og óskuðu þeir eftir því, að gengið yrði frá lóðarleigusamningi, enda væri skilyrðum öllum fullnægt.

Hafnarstjórinn lét útbúa sérstakan lóðarleigusamning, þar sem ákveðið er, að lóðin sé við Brekkustíg og 3.375 fermetrar að flatarmáli, leigð til 50 ára. Í samningnum er tekið fram, að leigutaki skuli hafa byrjað á byggingu á hinni leigðu lóð ekki síðar en 6 mánuðum eftir dagsetningu þessa samnings og hafa lokið því ekki síðar en 2 árum frá dagsetningu hans, ella falli hann úr gildi. Þá voru þar ákvæði um lóðarleigu og annað. Samningur þessi var ritaður í 4 eintökum. Skyldu leigutakar fá 3 eintök, eitt til afhendingar við þinglestur og eitt handa hvorum leigutaka, en hafnarstjóri héldi einu eftir. Undirritaði stefnandi Gunnar samninginn svo og hafnarstjórinn, en eigi vissi hafnarstjórinn annað en að Áki mundi koma síðar og undirrita samninginn af sinni hendi. Stefnandinn, Gunnar Ásgeirsson, fór þess á leit, að hann fengi með sér eitt eintak samningsins þannig undirritað, og féllst hafnarstjórinn á það, en hélt 3 eintökum eftir, til að Áki undirritaði þau. Þá greiddi Gunnar hálfa lóðarleigu fyrir árið 1962.

Hinn 9. júlí 1962 gerði stefnandinn Gunnar yfirlýsingu þá, sem er að finna á dskj. nr. 19. Tekur hann þar fram, að Áki Jakobsson neiti að undirrita lóðarleigusamninginn varðandi lóð þessa. Fékk hann yfirlýsingu þessari þinglesið hjá sýslumannsembættinu í Gullbringusýslu hinn 10. júlí 1962. Hinn 11. júlí sendi síðan stefnandinn Gunnar Landshöfninni ljósrít af yfirlýsingu þessari með bréfi og tekur fram, að hann óski eftir því, að lóðarleigusamningurinn frá 21. júlí verði undirritaður af Áka Jakobssyni og að stjórn Landshafnarinnar sjái um, að undirritun fáið, þannig að hægt sé að þinglýsa samningnum. Þá tekur Gunnar fram, að fáið samningurinn ekki undirritaður af Áka Jakobssyni, verði hann þinglýstur, eins og hann nú sé.

Hinn 28. júlí 1962 ritaði Landshöfnin síðan stefnandanum, Gunnari Ásgeirssyni, bréf, þar sem rakin eru viðskipti þessi. Er í bréfinu tekið fram, að þeim Áka sé leigt báðum sameiginlega og að leigusamningurinn taki ekki gildi, fyrr en Áki hafi einnig tekið á sig samningsskuldbindingu sína. Þá er tekið fram í bréfinu, að þótt Gunnar láti þinglýsa eftirriti því af lóðarsamningnum, er hann hafi fengið með sér, veiti það honum engan sérstakan rétt. Samrit bréfs þessa var sent sýslumanninum í Gullbringusýslu og síðar þinglesið við embættið hinn 16. október 1962. Hinn 30. nóvember 1962 ritaði Ragnar Björnsson hafnar-

stjóri fyrir hönd Landshafnarinnar þeim Áka Jakobssyni og stefnandanum, Gunnari Ásgeirssyni, enn bréf um mál þessi. Í bréfi þessu eru málsatvik nokkuð rakin, og síðan segir, að Áki Jakobsson sé eigi reiðubúinn að undirrita lóðarleigusamninginn. Þá segir, að þar sem þeim Gunnari og Áka hafi sameiginlega verið gefinn kostur á að fá lóð þessa leigða, en ekki öðrum hvorum þeirra, og þar sem þeir hafi eigi getað staðið við það skilyrði að taka báðir lóðina á leigu sem sameiginlegir leigutakar, þá telji stjórn Landshafnarinnar sig ekki bundna vilyrðum um lóðarleiguna. Sé þar með vilyrðið úr gildi fallið og afturkallað vegna vanefnda og niðurfallinn allur réttur þeirra sameiginlega til lóðarinnar. Þá var Gunnari Ásgeirssyni sendur með bréfi þessu sá hluti lóðarleigunnar, kr. 4.218.75, er hann hafði greitt hinn 21. júní 1962.

Hinn 4. desember 1962 gerði síðan Ragnar Björnsson hafnarstjóri f. h. Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps lóðarleigusamning um umræddar lóðir við Áka Jakobsson einan. Lóðir þessar bera nú númerin 32, 34 og 36 við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík. Skjal þetta var afhent til þinglestrar hinn 6. des. 1962, og fylgdu því við þinglesturinn samrit dómskj. nr. 11 og 12, og voru þessi skjöl þinglesin með leigusamningnum.

Hinn 6. des. 1962 ritaði Gunnar Ásgeirsson Landshöfninni bréf, þar sem hann mótmælti fyrrgreindum gerðum Landshafnarinnar og mun hafa endursent tékka þennan að fjárhæð kr. 4.218.75, er honum hafði áður verið sendur. Landshöfnin staðfesti móttöku þessa fjár og lagði það á viðskiptabók nr. 7819 við Sparisjóð í Keflavík og tók fram, að bókin lægi á skrifstofu Landshafnarinnar til afhendingar til Gunnars Ásgeirssonar, er hann óskaði þess.

Stefnandi kveðst áður hafa borið mál þetta upp við saksóknara ríkisins með kærnum, dagsettum 4. marz 1963 og 22. apríl 1963, þar sem saga málsins sé rakin frá byrjun. Saksóknari hafi hins vegar ekki talið grundvöll til afskipta af máli þessu, og kveðst stefnandi því eigi komast hjá því að höfða einkamál á hendur hinum stefndu.

Sem málsatvikalýsingu kveðst stefnandi vilja taka upp í stefnu meginhluta þeirrar atvikalýsingar, sem fram hafi komið í kæru lögmannna hans til saksóknara, dags. 4. marz 1963, en hún sé á þessa leið:

„Sumarið 1961 kom Áki Jakobsson hrl. að máli við Gunnar Ásgeirsson, en þeir voru kunningjar frá fornu fari. Bað Áki

Gunnar að vera sér hjálplegan við útvegum lóðar fyrir kunningja sinn undir fiskverkunarhús og síldarsöltunarstöð í Grindavík. Gunnar tók vel í þetta, en sagði jafnframt á þá leið, að hagkvæmara og skynsamlegra mundi að festa fé í slíku fyrirtæki í Keflavík eða þar í grennd heldur en í Grindavík, þar sem hann teldi Keflavík (eða Njarðvíkur) liggja betur við heppilegum fiskimiðum og hefði ýmsa aðra kosti umfram Grindavík í þessu sambandi. Og með því að Gunnari skildist, að Áki hefði e. t. v. sjálfan sig í huga, er hann talaði um kunningja sinn, stakk Gunnar upp á því, að þeir Áki gerðu með sér félag um rekstur alhliða fiskvinnslustöðvar í Keflavík eða nágrenni. Áki féllst á þetta, og var aldrei framar minnt á útvegum lóðar í Grindavík. Bað nú Áki Gunnar að ganga í það að útvega þeim félögum lóð í Keflavík eða Njarðvíkum. Um þetta ræddu þeir nú fram og aftur og komu sér saman um að sækja báðir saman um lóðina, enda taldi Áki það vænlegra til árangurs, þar eð Gunnar var heimilisfastur þar syðra. Jafnframt bundu þeir fastmælum, að á lóð þeirri, sem þeir kynnu að fá, skyldu þeir í sameiningu reisa fiskverkunarstöðina og reka hana síðan í sameiningu. Var verkaskiptingin þannig hugsuð, að Áki hefði með höndum allt rekstrinum viðkomandi í Reykjavík, sæi um útflutning, banka- viðskipti og þess háttar, en að Gunnar hefði með höndum alla yfirstjórn á staðnum og við verkunina, enda kveðst hann vera þaukunnugur hvers konar fiskverkun.

Þeir félagar hófust nú handa um undirbúningin. Tilmælum var komið á framfæri við hafnarstjórn Landshafnar Keflavík-Njarðvík um, að þeim væri úthlutað lóð undir atvinnurekstur sinn, sbr. umsókn, dags. 14/9 1961. Þetta bar þegar í stað þann árangur, að hafnarstjórn lofaði þeim félögum hinni sameiginlegu lóð hinn 29. nóvember 1961. Var þeim tilkynnt þetta skriflega.

Þegar hér var komið sögu, hófst Gunnar handa um að teikna í frumdráttum hús á lóð þessa, og var einkum haft í huga, að húsin væru þannig úr garði gerð, að þar væri hægt að reka sem fjölbreytilegasta fiskverkun.

Eftir að þeir félagar höfðu fengið sér úthlutað lóðinni, töldu þeir sig geta haft hennar enn fyllri not, ef þeim tækist að stækka hana. Þess vegna varð það að ráði, að þeir keyptu í sameiningu húsgrunn á lóð Björns Magnússonar vélsmiðs ásamt tilheyrandi lóðarréttindum, sbr. samning, dags. 8. desember 1961.

Er á daginn kom, að heppilegra mundi að staðsetja fiskverkunarhúsin á lóð Björns og þar fyrir sunnan, fóru þeir félagar

með bréfi til hafnarstjórnar, dags. 31. des. 1961, fram á það, að þeim yrði úthlutað annarri lóð, sem þeir töldu, að væri óráðstafað, þ. e. fyrir sunnan hús Björns Magnússonar. Jafnframt sendu þeir byggingarnefnd Njarðvíkurhrepps bréf, dags. s. d., ásamt teikningum þeim, sem Gunnar hafði gert, og fóru fram á, að nefndin samþykkti fiskverkunarhúsin samkvæmt þeim. Með því að formleg svör fengust ekki strax frá hafnarstjórn um þessa nýju úthlutun, skrifuðu þeir félagar henni á ný hinn 16. marz 1962 og óskuðu eftir svari.

Svarbréf hafnarstjórnar er dags. 29. marz 1962. Svárið og upplýsingar, er þeir félagar fengu með því, báru með sér, að hér var í raun rétttri um alveg nýja lóðarúthlutun að ræða, þ. e. á nýjum stað og m. a. háða því skilyrði, að þeir afsöluðu Landshöfninni rétti sínum yfir lóð þeirri, er þeir höfðu með fyrrgreindum samningi keypt af Birni Magnússyni. Rétt er að vekja þegar í stað athygli á því, að réttindum þessum afsalar Áki Jakobsson með bréfi, dags. 20. maí 1962, til Landshafnarinnar og kveðst hafa greitt kaupverðið einn. Sú fullyrðing er eigi á rökum reist.

Hinn 31. marz 1962 rituðu þeir félagar byggingarnefnd Njarðvíkurhrepps og báðu hana um að samþykkja afstöðuteikningu fiskhúsa sinna. Fylgdu þar með teikningar Gunnars Ásgeirssonar, sem þá hafði verið breytt með hliðsjón af hinni nýju lóðarúthlutun. Tekið skal fram, að þessar teikningar Gunnars virðast síðar hafa orðið innlyksa hjá Aka Jakobssyni eða starfsmanni hans, Guðmundi Magnússyni byggingameistara.

Þegar samþykki byggingarnefndar og hreppsnefndar Njarðvíkurhrepps fyrir byggingunum var fengið, kveðst Gunnar hafa talið víst, að Áki gerði við sig félagssamning, eins og um hafði verið talað í upphafi.

Kveðst Gunnar hafa lagt áherzlu á formlega stofnun félagsskaparins, svo að þeir gætu sameiginlega hafizt handa um framkvæmdir á staðnum.

En bráðlega hafi komið á daginn, að Áki reyndi að skjóta sér undan því með því að draga félagsstofnunina á langinn.

Í maímánuði 1962 skýrði Friðrik Valdimarsson, formaður byggingarnefndar Njarðvíkurhrepps, Gunnari svo frá í símtali, að Áki hefði á eigin spýtur óskað eftir því, að mælt væri út fyrir húsunum. Þetta þótti Gunnari mjög grunsamleg framkoma hjá Áka, þar sem alltaf hafði verið um það talað þeirra á milli, að Gunnar sæi um verklegar framkvæmdir. Datt Gunnari í hug, að Áki væri byrjaður að reyna að sölsa undir sig lóðarréttindin.

Þess vegna segist Gunnar hafa lagt aukið kapp á félagsstofnun, ekki sízt þar sem á þeim tíma hafi Einar, sonur hans, ákveðið að leggja kr. 300.000.00—400.000.00 í fyrirtækið, annað hvort beint eða lána Gunnari þá fjárhæð í sama skyni. Er nú ekki að orðlengja það, að nú hófst keppni á milli þeirra félaga um frumkvæði á staðnum. Daginn, sem Áki lét mæla út fyrir húsunum, kom Gunnar með jarðýtu á staðinn til þess að ýta upp úr grunninum. Vildi Gunnar með þessu undirstrika þegar í stað rétt sinn til hinnar sameiginlegu lóðar. En þrátt fyrir ítrekuð mótmæli Gunnars, hóf Áki einn undirbúningsframkvæmdir á lóðinni. Þegar í ljós kom, að Áki lét ekki skipast og virtist ófáanlegur til þess að standa við gerða samninga, kveðst Gunnar hafa átt tal við þrjá menn úr stjórn Landshafnarinnar, þá Alfreð Gíslason, núverandi bæjarfógeta í Keflavík, Karvel Ögmundsson útgerðarmann og Ragnar Björnsson hafnarstjóra, en þeir hafi talið nefndinni deilur hans og Áka óviðkomandi. Segist Gunnar síðar hafa komið á þá skoðun, að þeir munu þá þegar hafa verið í vitorði með Áka. Um svipað leyti, eða 7. júní 1962, birti Gunnar í þremur dagblöðum í Reykjavík yfirlýsingu, þar sem hann skýrði málið frá sínu sjónarmiði.

En nokkru áður hafði Gunnar snúið sér til meðundirritaðs, Hauks Jónssonar hrl., og m. a. beðið hann að hlutast til um, að gefinn yrði út lóðarsamningur í samræmi við ofangreinda útlutun, þ. e. ályktun hafnarstjórnar 28. nóvember 1961. Þessi málaleitan bar þann árangur, að 21. júní 1962 gerði hafnarstjórnin formlegan lóðarleigusamning við þá Áka og Gunnar. Af hálfu Landshafnarinnar undirritaði samninginn Ragnar Björnsson hafnarstjóri, en af hálfu leigutakanna Gunnar Ásgeirsson einn, þar eð Áki Jakobsson var eigi viðstaddur. Lóðarleiguna greiddi Gunnar samdægurs að sínum hluta fyrir árið 1962. Nokkru síðar lét hann þinglýsa samningnum, enda þótt undirskrift Áka vantaði, svo að öllum mætti vera ljóst, að þeir félagar höfðu fengið lóðina sameiginlega.

Leið nú enn nokkur tími þannig, að Áki hélt uppteknum hætti um framkvæmdir á eigin spýtur, en fékkst ekki til að gera félagssamninginn við Gunnar eða undirrita lóðarsamninginn af sinni hálfu. Og ekki greiddi Áki heldur lóðarleiguna. Taldi Gunnar því nauðsynlegt að láta leggja lögbann við framkvæmdum Áka á hinni sameiginlegu lóð, enda hafði Haukur Jónsson hrl. þegar í fyrsta viðtali bent Gunnari á þá leið, m. a. vegna þess að þeir

félagar voru búnir að ráða sér byggingameistara sameiginlega og gátu því orðið skaðabótaskyldir gagnvart honum.

Lögbannsbeiðnin var afhent sýslumanni Gullbringu- og Kjósarsýslu 19. júlí 1962. Eftir nokkurt þóf var lagt lögbann við framkvæmdum Áka gegn þeirri tryggingu, sem réttur ákvað. Síðan ætlaði Gunnar að láta reka staðfestingarmálið með eðlilegum hraða. En morguninn eftir að lögbannið var lagt, felldi dómariinn það sjálfur úr gildi án þess að gera umboðsmanni Gunnars aðvart um þá ákvörðun. Gunnar mótmælti þessari ráðstöfun sýslumanns, taldi hana algerlega tilefnislausu og andstæða lögum og venju og kærði hann til Hæstaréttar. Kveðst Gunnar vilja halda því fram, að sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi sýnt mikla hlutdrægni í þessu máli og að því er sér virðist dregið taum Áka Jakobssonar á allar lundir. Um lögbannsmálið getur að lesa í dómasafni Hæstaréttar (mál nr. 105 og 161/1962), og skal það því eigi nánar rakið hér. En þegar Gunnar var reiðubúinn að setja þá tryggingu fyrir lögbanni, sem krafizt var með hinni síðari ákvörðun sýslumanns Gullbringu- og Kjósarsýslu, voru aðstæður alveg gerbreyttar, svo sem nú verður greint.

Gunnar Ásgeirsson fór smám saman að gruna, að eigi mundi vera allt með felldu um fjárhag Áka og viðskiptahætti. Benti ýmislegt til þess, að hann væri hinn mesti óreiðumaður í fjármálum og meira að segja vafasamt, hvort hann ætti fyrir skuldum um þessar mundir. Að minnsta kosti kom í ljós, að 6. sept. 1962 hafði verið þinglýst með 1.—3. veðrétti á hina sameiginlegu lóð þremur fjárnámsgerðum vegna vanskilaskulda Áka Jakobssonar, samtals að fjárhæð kr. 75.000.00 auk vaxta og kostnaðar. Meðundirritaður, Þorvaldur Þórarinsson hrl., lét einmitt þinglýsa á 1. veðrétt fjárnámskröfu umbj. síns, Sigurðar Thoroddsen verkfræðings, en Jón Magnússon hdl., Tryggvagötu 8, fjárnámskröfum sínum á 2. og 3. veðrétt. Þrátt fyrir þetta tók Áki Jakobsson hjá Tryggingastofnun ríkisins (Atvinnuleysistryggingasjóði) þ. 14. nóv. 1962 lán að fjárhæð kr. 400.000.00 og veðsetti eignina til tryggingar því með 1. veðrétti, eins og ekkert hefði í skorizt. Og það jafnvel þó að stjórn Landshafnarinnar hefði þ. 16. okt. 1962 látið innrita hjá sýslumannsembættinu yfirlýsingu sína, dags. 28. júlí 1962, um, að hún teldi lóðarsamninginn ekki gildan. Efnislega vísast um þetta til meðfylgjandi veðbókavottorðs, dags. 19/11 1962, er sýnir enn fremur, að Áki hafði skuldbundið sig með þingl. samningi, dags. 8. okt. 1962, til að veðsetja eignina ekki öðrum en Vörubílastöð Keflavíkur og einnig að hann

hafði með þingl. samningi, dags. 30/10 1962, á sama hátt skuldbundið sig til að veðsetja ekki eignina öðrum en Útvegsbanka Íslands.

Veðskjöl sýna, að Áki hefur fengið ríkisábyrgð fyrir 400.000.00 króna láninu. Rannsaka þyrfti, hvernig á því stóð, að hann gat fengið þá ábyrgð, eins og fjárhag hans virtist þá komið. Einnig þarf að rannsaka sérstaklega, hvernig á því stóð, að hann fékk þetta lán hjá Atvinnuleysistryggingasjóði, þ. e. hver rök hann færði fyrir lántökunni, enda telur Gunnar, að Áki hafi notað hina sameiginlegu hagnaðarvon þeirra félaga og alla aðstöðu til þess að afla lánsfjárins fyrir sig einan.

Á meðan beðið var eftir úrslitum síðara kærumálsins í Hæstarétti, virðast Áki Jakobsson og stjórn Landshafnarinnar hafa haft ærið að starfa. Mun niðurstaða þeirrar rannsóknar, sem hér er farið fram á, væntanlega sýna, hvort sú starfsemi getur talizt samrýmanleg velsæmi í opinberum störfum eða hvort hún þolir yfirleitt dagsins ljós.

En það, sem skeði, er í sem allra stytztu máli þetta:

Með bréfi til þeirra félaganna, Áka og Gunnars, dags. föstudaginn 30. nóvember 1962, tilkynnir stjórn Landshafnarinnar, að þeir séu sviptir umráðarétti yfir lóðinni, þar eð Áki hafi ekki fengizt til að undirrita samninginn, þó að eftir því væri leitað. Notar hafnarstjórn vanefndir Áka sem átyllu til þess að fella samninginn úr gildi. Með þessu er Gunnar, sem stóð við samninginn af sinni hálfu, á hinn gerræðisfyllsta hátt sviptur ótvíráðum samningsbundnum réttindum sínum til lóðarinnar. Bréf sýnir líka greinilega tvískinnung og óheilindi hafnarstjórnar, því að í öðru orðinu er réttilega talað um lóðarsamninginn frá 21. júní 1962, en í hinu um „vilyrði“ fyrir lóðinni. En í bréfinu segir m. a. orðrétt: „Gunnar Ásgeirsson undirritaði leigusamninginn af sinni hendi, en Áki Jakobsson eigi. Hefur þó verið eftir því leitað, en hann telur sig nú eigi reiðubúinn að undirrita lóðarleigusamninginn með Gunnari Ásgeirssyni“.

Verður eigi annað séð en að hafnarstjórn hafi með þeirri ákvörðun, sem frá er greint í bréfinu, verið að reka erindi Áka Jakobssonar og með þessari ráðstöfun gert sig seka um alvarlegt brot í opinberu starfi og refsivert athæfi.

En landshafnarstjórn lét ekki þar við sitja. Mánudaginn 3. desember 1962 ritar Áki Jakobsson henni bréf, þar sem hann fer þess á leit, að honum einum verði látinn í té lóðarsamningur um margnefnda lóð þeirra félaga, er hann telur vera nr. 32-34-36

við Brekkustíg í Ytri-Njarðvík. Í bréfi þessu kveðst Áki munu ábyrgjast Landshöfninni að skaðlausu allar greiðslur og bóta-kröfur, sem Gunnar Ásgeirsson kunni að hafa uppi gagnvart sér eða Landshöfninni, svo sem nánar er rakið í bréfinu. Og nú lá Landshafnarstjórn ekki á liði sínu, því einmitt sama dag, þ. e. sjálfan mánudaginn 3. desember 1962, heldur hún fund og ákveður að leigja Áka Jakobssyni lóðir þær, sem hann fer fram á, einmitt þær sömu lóðir, er hann hafði verið sviptur vegna vanefnda sinna *einum virkum degi fyrr*. Eigi verður séð af skjölum málsins, hvort skeði fyrr þennan mánudag, að nefndin tók ákvörðun sína eða Áki skrifaði henni umsóknina, en væntanlega mætti upplýsa þetta, með því að Kristinn Gunnarsson hrl., fulltrúi í Atvinnumálaráðuneytinu, ritar nafn sitt sem vitundarvottur á ofangreint bréf Áka, (umsókn). . . .

Daginn eftir, þ. e. þriðjudaginn 4. des. 1962, er gerður við Áka Jakobsson skriflegur samningur um lóðina. Er samningurinn undirritaður af Ragnari Björnssyni hafnarstjóra f. h. Landshafnarinnar. Áki Jakobsson undirritaði samninginn sjálfur samdægurs. Ber samningurinn með sér, að Ragnar hefur tekizt ferð á hendur til Reykjavíkur til að undirrita samninginn. Samningurinn sýnir ennfremur, að vitundavottar voru ekki valdir af verri endanum, því að til þess starfa voru kjörnir tveir háttsettir embættismenn í stjórnarráðinu, þeir Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri og Gunnar Vagnsson fulltrúi. Virðist okkur undirrituðum þessi atvik eindregið benda til þess, að ríkisstjórnin eða einstakir ráðherrar eða ráðuneytisstarfsmenn hafi haft undarlega mikinn áhuga á málinu og afskipti af því.

Daginn eftir undirritun samningsins, þ. e. miðvikudaginn 5. desember 1962, kvað Hæstiréttur upp síðari úrskurð sinn í sambandi við lögbannsmálið. En þá var ekki lengur hægt að framfylgja lögbanninu, því að þá var Áki Jakobsson orðinn einkaeigandi hinna umdeildu réttinda, og lét hann síðan þinglýsa samningi sínum hinn 6. sama mánaðar“.

Stefnandi reisir aðalkröfur sínar á því, að stefndi Áki Jakobsson hafi á ólögsmætan hátt sölgað undir sig þau lóðarréttindi í Ytri-Njarðvíkum, sem honum og stefnanda hafi verið lofað og höfðu verið afhent þeim sameiginlega. Til þessa verks telur stefnandi, að Áki hafi notið aðstoðar stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, sýsluskrifstofunnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og einstakra starfsmanna í stjórnarráðinu, svo sem Brynjólfs Ingólfssonar ráðuneytisstjóra. Enn telur stefn-

andi, að þessir þrír aðilar: stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu og viðkomandi ráðuneyti hafi beitt sig hreinni valdníðslu og augljóslega brotið landslög með því:

1) Að stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps afturkallar og ógildir gerðan lóðarsamning (dags. 21. júní 1962) á þeim forsendum, að stefndi Áki Jakobsson hafi ekki fyrir sitt leyti staðið við samninginn til þess eins að gera samtímis við hann einan leigusamning um sama landið.

2) Að sýslumannsembættið í Gullbringu- og Kjósarsýslu afmáir úr veðmálabókum þinglýstar yfirlýsingar stefnanda um kvaðir á þessum lóðum og þinglýstan samning, undirritaðan af stefnanda og hafnarstjórn Landshafnar, og tekur síðan við til þinglýsingar öðrum lóðarsamningi við stefnda Áka Jakobsson um sama landið og gerir honum þar með kleift að veðsetja lóðir þessar fyrir lánum sér einum til handa.

3) Að athafnir þessar eru allar gerðar með vitund og vilja þess ráðuneytis, sem ber ábyrgð á stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, svo sem lóðarleigusamningur, dagsettur í Reykjavík 4. desember 1962, ber með sér, þar sem hann er vottaður af þeim Brynjólfi Ingólfssyni ráðuneytisstjóra og Gunnari Vagnssyni, deildarstjóra í atvinnumálaráðuneytinu, sem báðir starfa á ábyrgð Emils Jónssonar sjávarútvegsráðgjafra.

Stefnandi kveður fjármálaráðgjafra vera stefnt vegna fébóta-ábyrgðar ríkissjóðs.

Stefndi Áki Jakobsson reisir sýknukröfur sínar m. a. á því, að stefnandi eigi sjálfur sök á því, að ekki varð af samvinnu með þeim um framkvæmdir á umræddum lóðum. Þegar byggingarleyfi hafi verið fengið og möguleikar hafi verið á að hefja framkvæmdir, hafi stefnandi tilkynnt, að hann ætlaði ekki að leggja í framkvæmdir þá strax, en hann mundi grafa grunn húsanna nægilega snemma til þess að fullnægja skilyrðum í bréfi Landshafnarstjórnar, sbr. dómsskj. nr. 4.

Kveðst stefndi Áki Jakobsson þá strax hafa sagt stefnanda, að hann vildi byggja, enda hafi þá verið búið að leggja út í kostnað við teikningar og útreikninga, auk þess sem búið hafi verið að semja við byggingameistara um að byggja, en þeir stefnandi og stefndi Áki hlytu að hafa orðið skaðabótaskyldir gagnvart honum, ef þeir hættu þannig skyndilega, en hann búinn að setja af sér önnur verk. Þá kveður stefndi Áki, að ein ástæða stefn-

anda fyrir því að hætta við framkvæmdirnar hafi verið sú, að hann hafi raunverulega verið félaus, og hafi stefnandi blekkt hann allan tímann í því atriði, enda hafi þetta komið fram í yfirlýsingu, sem stefnandi hafi birt í dagblöðum Reykjavíkur um þetta leyti. Kveðst stefndi Áki telja sig hafa haft fullan rétt til þess að hefja framkvæmdir einn og að með því tæki hann engan rétt af stefnanda, með því að samkvæmt bréfi Landshafnarstjórnar á dómsskj. nr. 4 hefði hvorugur rétt til leigusamnings, fyrr en hús væru orðin fokheld. Þegar stefnandi gafst upp við að hefja framkvæmdir, þá kveðst stefndi Áki telja, að hann hafi afsalað sér um leið öllum rétti til lóðarinnar. Þá kveður stefndi Áki lóðarsamninginn á dómsskj. nr. 10 vera aðeins uppkast, sem hafnarstjórinn, Ragnar Björnsson, hafi lánað stefnanda, en stefnandi hafi misfarið með þann trúnað, sem hafnarstjórinn hafi sýnt honum, og leitast við að fara með þetta uppkast sem fullgildan samning og m. a. látið þinglýsa því, að því er séð verður í þeim eina tilgangi að valda stefnda Áka örðugleikum við byggingarframkvæmdirnar. Þá kveður stefndi Áki, að Landshafnarstjórn hafi til þess að taka af allan vafa afturkallað lóðarloforðið, sem gefið var þeim stefnanda og stefnda á dómsskj. nr. 4, enda hafi allar forsendur þess vilýrðis fyrir lóð, sem í því var gefið þeim báðum til handa, verið fallnar og brostnar fyrir einhliða aðgerðir af hálfu stefnanda, er hann skyndilega og þegar allt var tilbúið til að hefja framkvæmdir rauf samkomulag við stefnda Áka og hætti við allar framkvæmdir. Loks kveður stefndi Áki samninginn á dómsskj. nr. 5 í rauninni ekki koma þessu máli við. Eins og sjáist á þeim samningi, hafi kaupverð grunnsins verið kr. 45.000.00. Kveðst hann hafa greitt útborgunina og samþykkt alla víxlana og greitt þá. Stefnandi hafi þar engan eyri greitt. Nafn hans á þeim samningi byggist á þeirri blekkingu, sem stefnandi hafi haldið fram, að hann hefði einhver peningaráð, en það hafi ekki reynzt rétt.

Aðrir stefndu í máli þessu reisa sýknukröfur sínar á eftirfarandi ástæðum:

1. *Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps.*

Stefndi Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps styður sýknukröfu sína þeim rökum, að eins og fram komi í málinu, hafi þeim stefnandanum, Gunnari Ásgeirssyni, og stefnda Áka Jakobssyni verið leigð umrædd lóð sameiginlega með ákveðnum skilyrðum. Leigutakarnir, stefnandinn Gunnar og stefndi Áki, hafi ekki staðið við það skilyrði, að þeir yrðu báðir leigu-

takar á lóðinni, og þegar það hafi legið ljóst fyrir, að útilokað væri, að þeir yrðu leigutakar, hafi ekki verið um annað að gera en að fella úr gildi hina fyrri ákvörðun um að leigja þeim sameiginlega lóðina. Hafi þá stefnda Landshöfn Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps verið heimilt að leigja lóðina hverjum sem hún óskaði og hafi henni engin skylda borið til að hafa nein samráð við stefnandann. Ákvörðun frá 28. nóvember 1961 um að gefa þeim stefnanda og Áka Jakobssyni kost á lóðinni hafi þá verið fallin niður og skjal það, er stefnandi hafi undirritað hinn 21. júlí 1962, hafi aldrei verið leigusamningur og geti ekki öðlzt gildi sem slíkur. Þar hafi aðeins legið fyrir viljayfirlýsing stefnanda um, að hann væri reiðubúinn að undirrita leigusamninginn, og viljayfirlýsing hafnarstjóra vegna stefnda Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, að ef báðir samningsaðiljar undirrituðu samninginn, þá yrði við hann staðið af hennar hálfu. Þá er og á það bent af hálfu stefnda Landshafnar, að ekki verði séð, að stefnandi hafi staðið við byggingarskilyrði lóðarleiguvilyrðisins og heldur ekki við þau byggingarskilyrði, sem sett séu fram í lóðarleigueyðublaðinu. Megi því telja ljóst, að farið hafi verið hér algerlega löglega að.

Varakröfu stefnanda um, að stefnda Landshöfn verði in solidum með öðrum aðiljum dæmd til að greiða honum skaðabætur að fjárhæð kr. 3.000.000.00, ef aðrar kröfur hans verða ekki teknar til greina, er af hálfu stefnda Landshafnar mótmælt sérstaklega og krafist sýknu af henni, enda kveður stefndi Landshöfn stefnanda ekki hafa sýnt fram á neitt tjón, er hún hafi bakað honum. Þá kveðst stefndi Landshöfn mótmæla þessari kröfu sem allt of hárri, enda hafi ekki komið fram af hendi stefnanda nokkur rökstuðningur fyrir því, að hann hafi orðið fyrir tjóni eða hvernig tjónsfjárhæðin sé fengin.

2. *Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu.*

Framangreindur stefndi reisir sýknukröfu sína á því, að samningurinn á milli stefndu stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og Áka Jakobssonar frá 4. des. 1962 hafi verið formlega réttur, þar sem leigusalinn hafi verið hinn rétti eigandi landsins og því haft heimild til að ráðstafa því. Hafi sýslumannsembættinu því verið rétt og skylt að taka skjalið og innrita það til þinglestrar. Hin fyrri skjöl, sem stefnandi hafi látið þinglýsa í sambandi við þessi mál, hafi greinilega verið

ógild með vísan til þeirra gagna, er fylgdu máli þessu, enda einungis einhliða yfirlýsing hans.

Þá kveðst framangreindur stefndi algerlega mótmæla vara-kröfu stefnanda um, að hann verði dæmdur in solidum með öðrum stefndu í málinu til að greiða stefnanda kr. 3.000.000.00 í skaðabætur, ef aðalkröfur hans í málinu verði ekki teknar til greina, enda ekki færðar nokkrar líkur að því, að hann hafi nokkuð það gert, er geti orðið stefnanda til fjárhagstjóns. Þá sé þessari kröfu mótmælt sem allt of hárrí, hún sé algerlega órökstudd og ósundurliðuð.

3. *Sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs.*

Framangreindir stefndu reisa sýknukröfur sínar á því, að ekkert sé fram komið, sem bendi til þess, að sýslumaðurinn í Gullbringu- og Kjósarsýslu eða stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps hafi á nokkurn hátt komið þannig fram gagnvart stefnanda, er veiti honum rétt til bóta. Þá sé fjárhæðinni, kr. 1.500.000.00, mótmælt sem órökstuddri, ósundurliðaðri og allt of hárrí.

Með tilvísan til framanritaðs krefjast framangreindir stefndu algerrar sýknu af varakröfu stefnanda um greiðslu skaðabóta að fjárhæð kr. 3.000.000.00 in solidum með öðrum stefndu í málinu, verði aðalkröfur hans ekki teknar til greina. Þá mótmæla þeir og kröfunni sem allt of hárrí, órökstuddri og ósundurliðaðri.

Aðilja- og vitnayfirheyrslur hafa farið fram í máli þessu, og verður nú rakið það helzta, sem þar hefur komið fram.

Stefnandinn, Gunnar Ásgeirsson, hefur komið fyrir dóm og staðfest málavaxtalýsingu í stefnu frá bls. 4—12.

Ragnar Ágúst Björnsson, hafnarstjóri Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, hefur og komið fyrir dóm og staðfest málavaxtalýsingu á dómsskj. nr. 16 frá öðrum greinaskilum á bls. 2 að öðrum greinaskilum á bls. 5. Kveður hann þar rétt frá greint að öðru leyti en því, að venja sé að gera lóðarleigusamninga hjá Landshöfninni í 3 eintökum en ekki 4. Samningarnir hafi verið gerðir í 4 eintökum í þessu tilfelli vegna tilmæla stefnanda og lögmanns hans, Hauks Jónssonar hæstaréttarlögmanns.

Hafnarstjórinn kveður það rétt, sem greinir í dómsskj. nr. 14, að Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri hafi óskað þess, að fundur yrði haldinn og málinu hraðað til þess að afgreiða lóðamál Áka Jakobssonar, en tilmæli þessi kveður hann hafa verið

gerð munnlega. Hann kveðst enga fyrirskipun hafa fengið frá ráðuneytinu um afgreiðslu þessa máls, en eigi að síður hafi stjórn Landshafnarinnar haft samráð við ráðuneytisstjóra um afgreiðslu þess. Stjórn Landshafnarinnar hafi talið, að málið væri komið í óefni og að það þyrfti að afgreiða það endanlega og hafi hafnarstjórnin talið málinu þannig varið, að hún yrði að hafa samband við ráðuneytisstjóra, og hafi málið mikið verið rætt við hann. Áður en fundurinn, sem haldinn var 3. desember 1963, var haldinn, hafi verið búið að ákveða að úthluta Áka Jakobssyni lóðinni. Hafnarstjórnin kveðst aldrei hafa talað við ráðherra vegna máls þessa. Hann kveðst sérstaklega aðspurður ekki muna, að hvers tilhlutan samningurinn var undirritaður í atvinnumálaráðuneytinu, en hann hafi vitað, að Áki ætlaði að vera þar staddur, en kann ekki að greina, hvort ráðuneytisstjórnin hafi haft milligöngu um, að þeir hittust þarna eða hvort Áki hafi sjálfur farið fram á það. Þá kveðst hann ekki muna eftir, að strikaðar hafi verið út bókanir á fundi hafnarstjórnarinnar, sbr. 3. mgr. á dómsskj. nr. 14, og tekur fram, að hafnarstjórnin hafi aldrei fengið neinar fyrirskipanir um afgreiðslu málsins.

Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri skýrir svo frá fyrir dómi, að hafnarstjóri Landshafnarinnar hafi fyrst haft samband við sig vegna máls þessa seint í júlí 1962 vegna þess, að þá hafi málið verið komið í óefni, og hafi hafnarstjórnin síðar oft haft samband við sig vegna máls þessa. Vitnið kveður ráðuneytið hafa haft áhuga á, að mál þetta leystist og það sem fyrst, en kveðst geta fullyrt, að ekki hafi það gefið bein fyrirmæli um efnislega afgreiðslu málsins. Vitnið kveðst oft hafa átt tal við hafnarstjórnann og einu sinni við forman hafnarnefndar um, hverjar leiðir væru færar til lausnar á máli þessu, en kveðst aldrei hafa gefið bein fyrirmæli. Vitnið kveðst ekki vilja rengja það, sem greinir á dómsskj. nr. 14, að fundurinn 3. desember væri haldinn að tilmælum þess og að það hafi óskað eftir, að hann yrði haldinn strax. Tekur vitnið fram, að tilmæli þess um, að fundinum, sem haldinn var 3. desember, yrði hraðað, hafi verið í beinu framhaldi af viðræðum hafnarstjóra, formanns hafnarnefndar og vitnisins. Vitnið kveðst ekki hafa boðað þá Áka og hafnarstjórnann í ráðuneytið og viti það ekki, hvort þeir hafi ákveðið að hittast þar eða komið þangað saman, en rétt sé, að samningurinn hafi verið undirritaður í ráðuneytinu. Þetta hafi verið rétt fyrir hádegi og starfsfólki verið farið að fækka og

hafi þeir snúið sér til vitnisins og Gunnars Vagnssonar, til þess að þeir vottuðu undirskrift samningsins.

Vitnið segir aðspurt, að ráðherra hafi verið kynnt málið jafnóðum, en ekki hafi ráðherra gefið vitninu nein fyrirsmáli um afgreiðslu þess, en hafi viljað, að málið yrði afgreitt í samræmi við vilja meiri hluta hafnarstjórnarinnar.

Vitnið tekur fram varðandi dómsskj. nr. 12, að það hafi ekki látið athuga efnahag Áka Jakobssonar með það fyrir augum, hvort hann gæti staðið við skuldbindingu þessa. Ekki kveðst vitnið hafa haft nein afskipti af lögbanismáli stefnanda gegn Áka Jakobssyni.

Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður í Gullbringu- og Kjósarsýslu, hefur komið fyrir dóm. Lagði lögmaður stefnanda þar fyrir hann nokkrar spurningar, sem lögmaður stefndu mótmælti, að lagðar yrðu fyrir hann. Krafðist þá lögmaður stefnanda úrskurðar um það, hvort spurningar þessar skyldu lagðar fyrir sýslumanninn, og voru atriðin tekin til úrskurðar. Gerðist þetta í þinghaldi 2. október 1964. Í sama þinghaldi óskaði stefnandi eftirfarandi bókunar: „Þegar hinum nýja samningi við Áka Jakobssonar hafði verið þinglýst, kveðst hann hafa gengið á fund sýslumannsins og spurt hann, hvers vegna tekið væri við nýjum samningi um sama landið og honum þinglýst“. Svar sýslumannsins hafi verið: „Hvað á ég að gera, Gunnar, þegar Áki kemur með háttsetta menn úr ráðuneytinu og óskar eindregið, að þetta sé gert“.

Kvaðst sýslumaðurinn aðspurður aldrei hafa sagt þessi orð, sem stefnandi hefði hér eftir honum, og ekkert í þá átt. Þá kvaðst sýslumaðurinn aðspurður ekki vita til þess, að atvinnumálaráðuneytið hefði haft afskipti af því, sem gert var í sambandi við mál þetta á sýslumannsskrifstofunni í Hafnarfirði, en kvaðst ekki muna, hvort Brynjólfur Ingólfsson ráðuneytisstjóri hefði átt viðtal við hann vegna máls þessa, en þó geti vel verið, að þetta hafi einhvern tíma borið á góma í samtölum þeirra á milli.

Hinn 27. október 1964 var sýslumaðurinn aftur kvaddur fyrir dóm, þar sem dómari, sem með yfirheyrsluna fór, taldi nauðsynlegt að fá svör hans við því, hvort hann vildi svara spurningum þeim, sem lögmaður annarra stefndu en Áka Jakobssonar mótmælti í hinu fyrra þinghaldi, að lagðar yrðu fyrir hann. En spurningar þessar eru um eftirgreind atriði: Hvers vegna ekki komi fram í veðbókavottorðum á dómsskj. nr. 29—31 yfirlýsing Gunnars Ásgeirssonar, dags. 9/7 1962 og þinglesin 10/7 1962.

Hvers vegna lögbanninu, sem lagt hafi verið á framkvæmdir Áka Jakobssonar í júní 1962, hafi ekki verið fram haldið og hvers vegna tekið hafi verið við nýjum samningum við Áka Jakobsson til þinglestrar, eftir að búið var að þinglýsa samningi við þá stefnanda og Áka Jakobsson.

Í þinghaldi þessu neitaði sýslumaðurinn að svara öllum spurningunum, og sem rökstuðning fyrir neitun sinni vísaði hann til rökstuðnings fyrir mótmælum lögmanns stefndu í fyrra þinghaldi, en þau voru á þá leið, að þetta sé upplýst með skjölum sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu, sbr. dómsskj. nr. 25, 26 og 27.

Í þinghaldi í málinu 9 desember 1964 var fallið frá kröfu um úrskurð varðandi framangreindar spurningar.

Skulu nú athugaðir hinir einstöku kröfuliðir stefnanda.

Um 1. kröfulið.

Undir þessum kröfulið gerir stefnandi þær kröfur á hendur stefnda Áka Jakobssyni, að hann verði dæmdur til að afsala sér eignarrétti að hálfu að lóðunum nr. 32, 34 og 36 við Brekkustíg í Ytri-Njarðvíkum svo og eignarrétti að hálfum þeim mannvirkjum, sem á lóðunum hafa verið reist, enda greiði stefnandi þann hluta mannvirkjanna eftir mati. Eins og áður er fram komið, reisir stefnandi þessar kröfur sínar á því, að stefndi Áki Jakobsson hafi á ólögmatan hátt sölgað undir sig þau lóðarréttindi í Ytri-Njarðvíkum, sem honum og stefnanda hafi verið lofað og höfðu verið afhent þeim sameiginlega.

Það kemur fram í gögnum málsins, sbr. bréf Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps á dómsskj. nr. 4, að stefnanda og stefnda Áka Jakobssyni hefur verið gefinn kostur á því að fá sameiginlega leigðar framangreindar lóðir, sbr. og dómsskj. nr. 10. Hins vegar kemur einnig fram í gögnum málsins, sbr. bréf stefnanda, dags. 14. maí 1962, á dómsskj. nr. 17, sbr. og bréf landshafnarstjóra, dags. 30. nóv. 1962, á dómsskj. nr. 11, að ágreiningur hefur risið með stefnanda og stefnda Áka, sem komið hefur í veg fyrir, að um samvinnu gæti orðið að ræða þeirra á milli um að taka lóðirnar sameiginlega á leigu, sbr. og greinargerð stefnda Áka Jakobssonar á dómsskj. nr. 15. Með því og að stefnandi hefur í framangreindu bréfi sínu til stjórnar Landshafnarinnar beinlínis farið fram á, að hún tæki að nýju til athugunar úthlutun á lóð þeirri, sem honum og stefnda Áka Jakobssyni hafði verið úthlutað, vegna þess að hann telur enga möguleika á, að um nokkurt samstarf geti orðið að ræða þeirra

á milli um byggingar á lóðinni, þykir stjórn Landshafnarinnar hafa haft fulla heimild til að afturkalla það loforð, sem hún hafði veitt þeim stefnanda og stefnda Áka sameiginlega fyrir lóðinni, og þá að sjálfsögðu að leigja hana síðan hverjum sem hún vildi.

Ekki verður litið svo á, að stefnandi geti byggt neinn rétt sér til handa á samningi þeim, sem lagður hefur verið fram sem dómsskj. nr. 10 í máli þessu, þar sem undirskrift annars leigutakans, stefnda Áka Jakobssonar, vantar, en samkvæmt því þykir verða að líta svo á, að aldrei hafi komið á fullgildur leigusamningur á milli þessara aðila.

Með samningi, dags. 4. desember 1962, dómsskj. nr. 13 í máli þessu, leigði stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps stefnda Áka Jakobssyni einum umrædda lóð, eftir að afturkallað hafði verið loforð það, sem þeim stefnanda og stefnda Áka hafði sameiginlega verið veitt fyrir henni, sbr. það, sem áður greinir.

Samkvæmt því, sem fram kemur í skjölum málsins, þar á meðal í auglýsingu stefnanda á dómsskj. nr. 32, hefur stefndi Áki Jakobsson einn kostað þær byggingarframkvæmdir, sem átt hafa sér stað á lóðinni, og stefnandinn ekki lagt þar fram neitt fé. Verður því ekki séð, að stefnandi eigi neina lögmæta kröfu á hendur stefnda Áka til afsals fyrir helmingi lóðarréttinda eða mannvirkja, sem á lóðinni hafa verið reist.

Ber því samkvæmt framanrituðu að sýkna stefnda Áka Jakobs-son af þessari kröfu stefnanda.

Um. 2. kröfulið.

Kröfu samkvæmt þessum lið hefur áður verið lýst. Samkvæmt gögnum málsins og því, sem að framan greinir (um 1. kröfulið), verður ekki talið, að landshafnarstjórn eða stefndi Áki Jakobs-son hafi aðhafzt neitt það, sem valdið geti ógildingu lóðarsamnings við stefnda Áka Jakobsson, dags. 4. desember 1962. Af sömu ástæðum þykja eigi efni til að taka til greina önnur atriði þessa kröfuliðar, og ber því að sýkna stefnda stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og stefnda Áka Jakobsson af þessum kröfulið í heild.

Um 3. kröfulið.

Með tilvísan til gagna málsins og þess, sem áður hefur greint verið (um kröfuliði 1 og 2), komst ekki á lögmætur samningur um leigu á umræddum lóðum á milli stefnanda og stefnda Áka Jakobssonar annars vegar og stjórnar Landshafnarinnar hins vegar, og leigði því stjórn Landshafnarinnar stefnda Áka einum

lóðirnar. Með því að ekkert það hefur komið fram í málinu, sem talið verði geta valdið ógildingu þess samnings, þykja ekki efni til að taka til greina þau atriði, sem í þessum kröfulið greinir. Ber því að sýkna stefnda Björn Sveinbjörnsson, settan sýslumann í Gullbringu- og Kjósarsýslu, af þessum kröfulið.

Um 4. kröfulið.

Bótakrafa samkvæmt þessum lið að fjárhæð kr. 1.500.000.00 er algerlega órökstudd og ósundurliðuð. Ber þegar af þeirri ástæðu svo og með tilvísan til þess, sem hér á undan er rakið, að sýkna stefndu sjávarútvegsráðgjafra og fjármálaráðgjafra f. h. ríkissjóðs vegna stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps og sýslumannsembættisins í Gullbringu- og Kjósarsýslu af þessum kröfulið.

Af sömu ástæðum og að framan greinir þykir einnig bera að sýkna stefnda Áka Jakobsson af þessum kröfulið.

Verður því niðurstaða málsins sú, að allir hinir stefndu eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í málinu.

Í stefnu í máli þessu eru víða ósæmileg ummæli um hina stefndu, og skulu þau nú greind:

Á bls. 2 í stefnu, síðasta málsgrein: „Aðalkröfur sínar byggir stefnandi á því, að Áki Jakobsson hafi á ólögmetan hátt sölgað undir sig þau lóðarréttindi í Ytri-Njarðvíkum, sem honum og stefnanda hafi verið lofað og höfðu verið afhent þeim sameiginlega. Til þessa verks telur stefnandi, að Áki hafi notið aðstoðar stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, sýsluskristofunnar í Gullbringu- og Kjósarsýslu og einstakra starfsmanna í stjórnarráðinu, svo sem Brynjólfs Ingólfs-sonar ráðuneytisstjóra. Enn telur stefnandi, að þessir þrír aðilar: stjórn Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, sýslumannsembættið í Gullbrigu- og Kjósarsýslu og viðkomandi ráðuneyti hafi beitt sig hreinni valdníðslu og augljóslega brotið landslög með því ...“.

Á bls. 8 í stefnu í 2. málsgrein: „Kveðst Gunnar vilja halda því fram, að sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu hafi sýnt mikla hlutdrægni í þessu máli og að því er sér virðist, dregið taum Áka Jakobssonar á allar lundir ...“.

Á bls. 9 í stefnu í 3. málsgrein: „Á meðan beðið var eftir úrslitum síðara kærumálsins í Hæstarétti, virðast Áki Jakobsson og stjórn Landshafnarinnar hafa haft ærið að starfa. Mun niðurstaða þeirrar rannsóknar, sem hér er farið fram á, væntanlega

sýna, hvort sú starfsemi getur talizt samrýmanleg velsæmi í opinberum störfum eða hvort hún þolir yfirleitt dagsins ljós“.

Á bls. 10 í stefnu í 1. málsgrein: „Með þessu er Gunnar, sem stóð við samninginn af sinni hálfu, á hinn gerræðisfyllsta hátt sviptur ótvíræðum samningsbundnum réttindum sínum til lóðarinnar. Bréf sýnir líka greinilega tvískinnung og óheilindi hafnarstjórnar...“.

Á bls. 10 í stefnu í 2. málsgrein: „Verður eigi annað séð en að hafnarstjórn hafi með þeirri ákvörðun, sem frá er greint í bréfinu, verið að reka erindi Áka Jakobssonar og með þessari ráðstöfun gert sig seka um alvarlegt brot í opinberu starfi og refsivert athæfi“.

Á bls. 12 í stefnu í 2. málsgrein: „Einnig verður að rannsaka vandlega allt samband hans við þá menn úr Landshafnarstjórn, sem að lóðarúthlutun til hans stóðu, en því miður verður eigi annað séð en að þeir hafi vísvitandi brotið lög og samninga á Gunnari í þeim tilgangi að draga taum Áka Jakobssonar og greiða götu hans“.

Eins og áður er tekið fram, þykja hin tilvitnuðu ummæli ósæmileg, og þykir bera að átelja stefnanda og umboðsmenn hans út af þeim.

Eins og máli þessu er háttað, þykir eftir atvikum rétt, að málskostnaður falli niður.

Valgarður Kristjánsson borgardómari kvað upp dóm þennan.

Dómsorð:

Stefndu, Áki Jakobsson, Alfreð Gíslason f. h. stjórnar Landshafnar Keflavíkurkaupstaðar og Njarðvíkurhrepps, Björn Sveinbjörnsson, settur sýslumaður Gullbringu- og Kjósarsýslu, sjávarútvegsmálaráðherra og fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs, eiga að vera sýknir af öllum kröfum stefnanda í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.